

Ályktun aðalfundar lækna ráðs Landspítala, haldinn 18. maí 2018, um sérnám lækna og sérfræðileyfisveitingar á Íslandi

Stjórn Lækna ráðs ályktaði á fundi að beina þeim tilmælum til heilbrigðisráðherra og landlæknis að efla og tryggja framhaldsnám lækna á Íslandi. Lækna ráð bendir á að það geti skapast ófremdarástand í íslensku heilbrigðiskerfi ef ekki verður gripið inn í. Enginn almennur læknir er í fullu viðurkenndu sérnámi á Íslandi nema í heimilislækningum og geðlækningum. Það sérnám sem boðið er upp á er aðeins hlutanám og oft ekki formlega viðurkennt.

Starf lækna er að taka örum breytingum samhliða breytttri aldurssamsetningu þjóðarinnar. Kallar þessi breyting á mikla fjölgun í mörgum sérgreinum sem ekki verður sinnt með núverandi áherslum. Það er nauðsynlegt að auka fjölda sérfræðilækna með breiða og almenna þekkingu í íslensku heilbrigðiskerfi til þess að tryggja réttar áherslur við þjónustu sjúklinga til framtíðar. Gegnir Landspítalinn þar mikilvægu hlutverki og hægt er að veita mun öflugra sérnám á okkar stærsta kennslusjúkrahúsi.

Embætti Landlæknis í Bretlandi er meðal þeirra sem hafa bent á nauðsyn þess að sérnám feli í sér breiða þekkingu á grunnstigi, að auka flæði á milli sérgreina og að fleiri þættir en klínísk vinna telji að sérfræðileyfi eins og vísindavinna. Til að ná þessum markmiðum þarf að fjölga almennum læknum á Íslandi innan flestra sérgreina á öllum stigum náms og styðja við sérnámslækna á Íslandi og þá sem huga að námi erlendis. Raunveruleg hætta er á því að missa almenna lækna af landi brott og að þeir ráði sig ekki til starfa á Íslandi eftir að námi lýkur.

Íslenskir læknar í sérnámi á Íslandi eða erlendis geta ekki sótt um íslenskt sérfræðileyfi vegna óvissu um heimildir Landlæknis til að veita leyfi sem gildir innan EEA. Ein af ástæðunum fyrir því er vöntun á skipulögðu og samþykktu framhaldsnámi lækna á Íslandi. Þetta veldur því að fjöldi almennra lækna starfar í óvissu um það hvort vinna þeirra teljist að sérfræðileyfi. Það er óásættanleg staða fyrir alla sem að málinu koma og stjórn lækna ráðs ályktar um að stjórnvöld eyði þeirri óvissu án tafar.

Ályktun aðalfundar læknaáðs Landspítala, haldinn 18. maí 2018, um fjármálaáætlun 2019 - 2023

Aðalfundur læknaáðs Landspítala (LSH) haldinn 18. maí 2018 styður eindregið að betri heilbrigðisþjónusta verði á hverjum tíma forgangsmál stjórnvalda og að því sé fylgt eftir með auknum framlögum. Líkt og stjórnvöld hafa lýst þá blasa margar áskoranir við heilbrigðisþjónustu og starfsemi LSH í dag s.s. breytt aldursamsetning þjóðarinnar, aukin sjúkdómsbyrði, skortur á stefnumörkun, skortur á þjónustuúrræðum að lokinni sjúkdómsmeðferð, þörf á endurbótum og viðhaldi húseigna LSH, þörf á nýbyggingum við Hringbraut, nauðsyn þess að fjölga heilbrigðisstarfsmönnum í mörgum starfsstéttum, nauðsyn þess að efla göngudeildarstarfsemi og styrkja vísindastarf, bæta tækjakost og bregðast við auknum fjölda ferðamanna og styrkja innviði í tengslum við þá þróun.

Stórhuga yfirlýsingar um átak á þessu sviði munu fylla starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar auknum eldmóði við dagleg störf sín, ef orðunum fylgja efndir.

Í nýlegri umsögn LSH um þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2019-2023 er vakin verðskulduð athygli á nauðsyn þess að þessum metnaðarfullu markmiðum sé fylgt eftir með fjárveitingum í takt við áform um styrkingu heilbrigðisþjónustunnar á næstu 5 árum og byggingu á nýjum meðferðarkjarna og rannsóknarbyggingu 2018-2024.

Aðalfundur læknaáðs hvetur ríkisstjórn og alþingismenn til þess að leiða upplýsta og málefnalega umræðu um þau sjónarmið sem vakin er athygli á í umsögn LSH. Aðalfundur læknaáðs LSH hvetur jafnframt heilbrigðisstarfsmenn og almenning til þess að veita þessari umræðu verðskuldaða athygli og fylgja henni eftir af áhuga og krafti.

Samkvæmt umsögn LSH þá vantar á næstu 5 árum samtals 87 milljarða upp á fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir tímabilið 2019-2023. Hvað varðar rekstur þá virðist vanta 8 milljarða strax á næsta ári, og alls um 53 milljarða yfir tímabilið í heild sinni. Hvað fjárfestingu varðar þá er sagt að það skorti tæplega 27 milljarða ef tillaga stjórnvalda er borin saman við framkvæmdaáætlun um byggingu á nýjum LSH (NLSH) og fjárfestingaþörf Landspítala hvað varðar endurbætur á núverandi húsnæði, kaup á tækjum og búnaði.

Þessi umræða varðar framtíð LSH, öryggi sjúklinga, gæði heilbrigðisþjónustunnar og trúverðugleika pólitískrar umræðu um heilbrigðismál. Starfsmenn í heilbrigðisþjónustu eiga ekki að sitja hjá álangdar á meðan þessi mál eru leidd til lykta, en miklu fremur beita sér af krafti í þessari umræðu.

Í síðustu alþingiskosningum voru heilbrigðismál helsta kosningamálið og allir stjórnmalaflokkar lögðu fram stórhuga tillögur um uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar. Margvíslegar blikur eru á lofti líkt og lýst er í fjármálaáætluninni. Nú er komið að því að standa við stóru orðin.

Aðalfundur læknaáðs LSH felur stjórn læknaáðs að halda á lofti sjónarmiðum er varða öryggi sjúklinga og framtíð heilbrigðisþjónustunnar með kraftmiklum hætti við lokaafgreiðslu fjármálaáætlunarinnar og beita sér fyrir víðtæku samráði í íslensku samfélagi til að fylgja þessum brýnu málefnum eftir.

Ályktun aðalfundar læknaáðs Landspítala, 18. maí 2018, vegna mannauðsmála og aðbúnaðar starfsfólks

Landspítalinn er einn stærsti vinnustaður landsins þar sem margar starfstéttir vinna saman með sjúklinginn og hagsmuni hans í öndvegi. Þessu starfi fylgir oft á tíðum mikið andlegt og líkamlegt álag á starfsfólk, óreglulegur vinnutími og truflun á hvíld og svefni. Þetta álag getur valdið ýmsum líkamlegum og andlegum kvillum og jafnvel kulnun í starfi og að fólk segir upp og kys sér annan vinnustað. Launamál eru jafnan það sem sett er í forgang þegar kemur að því að bæta hag starfsfólks og Læknaáð styður heilshugar kjarabaráttu starfsmanna spítalans.

Hins vegar gleymist oft annar þáttur sem er ekki síður mikilvægur og snýr beint að spítalanum. Það eru aðstöðumál og aðbúnaður starfsfólks í vinnu. Það er staðreynd að góð vinnuaðstaða skilar ánægðara og heilbrigðara starfsfólki sem er frekar tilbúið til að mæta þeim áskorunum sem bíður þess í vinnu.

Því er gríðarlega mikilvægt að hlúa sem best að starfsfólki spítalans og sjá til þess að starfsaðstaða sé sem best verður á kosið en ekki síður aðstaða til hvíldar, slökunar og líkamsræktar. Sem dæmi má nefna skrifstofuaðstöðu, hvíldarherbergi, rými með sófum/hægindastólum, svefnaðstöðu, góðri búningaástöðu, sturtum, góðri aðstöðu til líkamsræktar, gott aðgengi að hollum mat og drykkjum, jafnvel gæslu eða dagheimili fyrir barnafólk eins og áður tíðkaðist. Allt eru þetta dæmi um hluti sem þykja sjálfsagðir hjá starfstéttum sem búa við mikið álag í vinnu. Þó góð vinnuaðstaða komi ekki í stað góðra laun þá er það einföld og hagkvæm leið til að auka vellíðan og starfsánægju starfsmanna spítalans og eykur verulega líkurnar á að fólk kjósi Landspítalann sem framtíðar vinnustað.

Landspítalinn mun seint keppa við einkafyrirtæki um laun. En markmið Landspítalans ætti að vera að gera hann að eftirsóttum vinnustað með góðri starfsaðstöðu fyrir starfsfólk. Nú þegar verið er að hanna nýjan spítala er kjörið tækifæri til að tryggja þessi mikilvægu mál í þeirri byggingu. Læknaáð hvetur stjórn Landspítalans til þess að tryggja að lækna fái bæði viðunandi skrifstofu- og hvíldaraðstöðu ekki síst í því nýja húsnæði sem mun rísa á næstu árum.

Ályktun aðalfundar lækna ráðs Landspítala, 18. maí 2018, um eflingu þátttöku og hlutverka lækna í endurlífgunarkennslu spítalans

Aðalfundur lækna ráðs Landspítalans ályktar að efla þurfi þátttöku og hlutverk lækna í endurlífgunarkennslu spítalans

European Resuscitation Council (ERC) sem skipuleggur námskeið í sérhæfðri endurlífgun (Advanced Life Support = ALS) í Evrópu gerir kröfu um að læknisfræðilegur stjórnandi skuli vera á hverju námskeiði og jafnframt að tiltekinn fjöldi lækna kenni á námskeiðinu. Eins og staðan er núna uppfylla endurlífgunarnámskeið Landspítalans ekki þá kröfu og óvíst er að hægt verði að halda áfram kennslu í sérhæfðri endurlífgun á spítalanum undir merkjum ERC nema úr þessu verði bætt.

Til þess leysa þennan vanda gæti spítalinn ákveðið að þær deildir sem hafa mesta aðkomu að endurlífgunum (svæfingadeild, bráðadeild og hjartadeild) ábyrgist að þeirra lækni kenni á endurlífgunarnámskeiðum spítalans. Þannig yrði mun auðveldara að fullnægja þörfum spítalans fyrir aðkomu lækna að endurlífgunarkennslu. Sömuleiðis þyrfti að benda yfirlæknum á nauðsyn þess að skapa kennurum tækifæri til undirbúnings fyrir kennslu í aðdraganda námskeiðs (bæði undirbúningsfundir og yfirferð námsefnis).

Að lokum er nauðsynlegt að Landspítalinn bæði hvetji lækna spítalans og auðveldi þeim að taka þátt í endurlífgunarkennslu. Læknar sem sinna endurlífgunarkennslu búa yfir sérstakri viðbótarþjálfun sem nýtist spítalanum. Hvetja mætti lækna til þess að taka þátt í þessari kennslu til dæmis með því að veita þeim frátekinn tíma til þess að sinna undirbúningi námskeiða og mögulega umbun fyrir það.

Greinargerð til rökstuðnings:

Læknar gegna lykilhlutverki í endurlífgunum á Landspítalanum meðal annars sem stjórnendur teymisins, enda búa þeir yfir yfirgripsmikilli klíniskri þekkingu og stýra meðferð sjúklinga.

Læknar, hjúkrunarfræðingar og bráðatæknar sinna kennslu sérhæfðrar endurlífgunnar á spítalanum, en þátttaka lækna í þeirri kennslu hefur farið dvínandi á undanförunum árum og áratugum þar sem þeir voru áður í aðalhlutverki.

Endurlífgun er teymisvinna sem er framkvæmd eftir stöðluðum leiðbeiningum. Til þess að geta tekið þátt í endurlífgun og hvað þá stjórnað endurlífgunarteymi er nauðsynlegt að læknar þekki leiðbeiningarnar vel. Til þess er ætlast af öllum nýjum læknum spítalans að þeir kunnir endurlífgun og hafi farið á endurlífgunarnámskeið áður en þeir hefja vaktir á spítalanum. Sú þekking bæði fyrnist og breytist og er því nauðsynlegt að endurnýja hana reglulega með því að fara á upprifjunarnámskeið. Slíkar kröfur eru

gerðar við flestar eða allar þær stofnanir sem við þekkjum erlendis en á Landspítalanum eru þær kröfur ekki jafn skýrar.

Til þess að efla lækna spítalans í því að stjórna endurlífgunum er nauðsynlegt að læknaar sækja endurlífgunarnámskeið reglulega. Jafnframt er mikilvægt fyrir lækna og gæðamál spítalans að læknaar (ekki síst sérfræðingar) taki virkan þátt kennslu þessara námskeiða og að helst séu minnst þrjú læknaar sem kenni á hverju námskeiði, þar af einn sem “medical director” námskeiðsins (sem er krafa ERC). Þá er mikilvægt að hafa sérfræðilækna sem kennara á þeim námskeiðum sem læknaar taka þátt í (sem eru flest námskeið) til þess að svara snúnum spurningum og miðla af reynslu.

Sá góði hópur lækna sem hefur sinnt þessari kennslu undanfarin ár er að þynnast af margvíslegum ástæðum og verður sífellt erfiðara að fá lækna til kennslu. Þá hefur námskeiðum fjölgað. Nauðsynlegt er að blása lífi í þátttöku lækna í kennslunni og fjölga læknum sem kennurunum sérhæfðrar endurlífgunar. Er vonast til þess að vel verði tekið í þær tillögur sem komið er með hér að framan.